



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætt hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði, 209. mál.

Samband íslenskra framhaldsskólanema hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um bætt hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði, 209. mál. Að neðan eru athugasemdir viðvirkjandi frumvarpinu.

Athugasemdir: Samband íslenskra framhaldsskólanema fagnar að bregðast eigi við slæmri hljóðvist og að bregðast eigi við skaðandi erilshávaða í skólum. Tillagan sem slík er góð en SÍF gerir athugasemdir við þá sem skipa á í starfshóp skv. tillögunni. SÍF finnst vert að benda á að skólar eru ekki bara vinnustaðir kennara heldur líka nemenda og því undarlegt að bjóða þeim ekki til samráðs um þessi mál. Nemendur hafa mestu reynslu af því að sitja í hávaða í kennslustofa og því er mikilvægt að fá að heyra þeirra álit. Leggjum við til að fulltrúi SÍF, fulltrúi Samfés og fulltrúi háskólanema sitji í starfshópnum.

**Fyrir hönd Sambands íslenskra framhaldsskólanema,
Benedikt Traustason.**